

Jólablað Hjálparstarfs kirkjunnar 2017



Margt smátt ...



VATNER VON

TAKTU ÞÁTT Í AÐ BYGGJA BRUNNA Í AFRÍKU.

ÞINN STUÐNINGUR GERIR KRAFTAVERK!

SENDU HJÁLP NÚNA MEÐ ÞVÍ AÐ

- greiða valgreiðslu í heimabanka - 2500 kr.
- hringja í söfnunarsíma 907 2003 - 2500 kr.
- leggja til framlag á framlag.is
- gefa gjafabréf á gjofsemgefur.is
- leggja inn á söfnunarreikning okkar
0334-26-50886, kt. 450670-0499



Hjálparstarf
kirkjunnar

actalliance

Allt annað líf ...

„Heilsan er betri og lífið allt annað eftir að við byrjuðum að fá hreint vatn úr brunninum.“

„Dóttir mín gat byrjað í skóla þegar brunnurinn kom, áður þurfti hún að nota marga klukkutíma á dag í að sækja vatn og komst ekki í skólann.“

Þetta eru dæmi um setningar sem við heyrum oft og iðulega þegar við erum á ferðinni í Jijiga-héraði í Austur-Eþíópíu þar sem Hjálparstarfið er með vatnsverkefni í samstarfi við Lútherska heimssambandið í Eþíópíu. Verkefnið hefur verið í gangi með dyggum stuðningi frá einstaklingum og utanríkisráðuneytinu síðan árið 2007 eða í 10 ár.

Markmiðið er að tryggja aðgang að vatni, bæta fæðuöryggi og styrkja stöðu kvenna. Brunnar hafa verið grafnar og þar sem það er ekki mögulegt eru grafnar vatnsþrær. Nýjar og þurrkþolnar korntegundir eru kynntar til sögunnar, bættar ræktunaraðferðir og betri verkfæri. Dýraliðar hafa verið þjálfaðir til að meðhöndla og bólusetja búfé. Konur taka þátt í sparnaðar- og lánahópum og fá fræðslu um atvinnu-

rekstur. Margar hafa hafið smárekstur. Þær reka litla búð, hafa hafið geita- og hæsnarækt og byrjað að rækta grænmeti. Mjög margar kvennanna tala um breytta stöðu þar sem þær hafa fjárráð og ákvörðunarvald sem var nær óþekkt áður.

Allt annað líf.

Verkefnið hefur á þessum 10 árum náð til meira en 130.000 einstaklinga og breytt lífi þeirra til hins betra. Nú hefur Hjálparstarfið fyrirætlanir um að færa sig yfir í nýtt hérað, Kebri Beyah-hérað, sem er enn austar í Eþíópíu. Enda er sjálfbærni ein meginstöðin í verkefninu í Jijiga og tími kominn til að færa sig yfir í næsta hérað, en um leið að nýta alla þá reynslu sem komin er.

Við ætlum líka að halda áfram að byggja hús og vatnstanka fyrir munaðarlaus börn í Rakaí-héraði í Úganda. Börnin hafa misst foreldra sína úr alnæmi og búa í hreysum við vonlausar aðstæður. Nýtt hús og vatnstankur, ráðgjöf og stuðningur til skólagöngu gerbreytir aðstæðum. **Allt annað líf.**

Vertu með í að veita von, allt annað líf, taktu þátt í jólasöfnun Hjálparstarfsins. Greiddu valgreiðslu í heimabanka (2.500 kr.) eða leggðu inn á söfnunarreikninginn 0334-26-50886, kt. 450670-0499. Þú getur líka hringt í söfnunarsíma 907 2003 (2.500 kr.).

Arabískt orðatiltæki segir eitthvað á þessa leið „Ef þú hefur mikið, gefðu af gnægtum þínum; ef þú hefur lítið, gefðu af hjarta þínu“.

Takk fyrir stuðninginn.

Bjarni Gíslason,
framkvæmdastjóri
Hjálparstarfs
kirkjunnar.



Hjálparstarf kirkjunnar

Framkvæmdastjóri: Bjarni Gíslason
Margt smátt ..., 4. tbl. 29. árg. 2017
Ábyrgðarmaður: Kristín Ólafsdóttir
Prentvinnsla:
Umbrot: Pipar \TBWA
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja
Ljósmyndir:
Forsíðumynd og myndir á bls. 3, 4 og 5: Þorkell Þorkelsson.
Aðrar myndir: Hjálparstarf kirkjunnar og ACT Alliance.

Afgreiðslutími á skrifstofu Hjálparstarfs kirkjunnar, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, um jól og áramót 2017 er sem hér segir:

mánudagur 18. desember	opið kl. 08:00-17:00	miðvikudagur 27. desember	opið kl. 08:00-16:00
þriðjudagur 19. desember	opið kl. 08:00-17:00	fimmtudagur 28. desember	opið kl. 08:00-16:00
miðvikudagur 20. desember	opið kl. 08:00-17:00	föstudagur 29. desember	opið kl. 08:00-16:00
fimmtudagur 21. desember	opið kl. 08:00-17:00	laugardagur 30. desember	lokað
föstudagur 22. desember	opið kl. 08:00-17:00	gamlársdagur 31. desember	lokað
Þorláksmessa 23. desember	opið kl. 12:00-18:00	nýársdagur 1. janúar	lokað
aðfangadagur 24. desember	lokað	þriðjudagur 2. janúar	lokað
jóladagur 25. desember	lokað	miðvikudagur 3. janúar	opið kl. 08:00-16:00
annar í jólum 26. desember	lokað		

Aðalfundur Hjálparstarfs kirkjunnar var haldinn í Grensáskirkju laugardaginn 23. september 2017. Starfskýrslu stofnunarinnar er að finna á vefsíðunni www.help.is undir liðnum um okkur - Ársskýrslur. Í stjórn Hjálparstarfsins starfsárið 2017-2018 eru: Gunnar Sigurðsson formaður, Páll Kr. Pálsson og Salóme Huld Garðarsdóttir. Varamenn: Hörður Jóhannesson og Vigdís Valgerður Pálsdóttir.

Hjálparstarf kirkjunnar þakkar einstaklingum, félögum, fyrirtækjum og stofnunum fyrir frábæran stuðning við starfið og óskar landsmönnum öllum gleði og friðar á aðventu og yfir hátíðirnar!



... með auknu aðgengi að hreinu vatni

Eþíópía er eitt af fátækustu ríkjum heims, númer 174 á lista 188 ríkja á lífskjaraalista Sameinuðu þjóðanna (samkvæmt skýrslu frá því í mars 2017). Ríkið er það næstfjölmennasta í Afríku með 94,4 milljónir íbúa en um 45% þjóðarinnar eru yngri en 15 ára og nær þriðjungur hennar er yngri en 24 ára að aldri.

Langflestir íbúanna, eða um 80%, búa í dreifbýli og hafa lífibráð sitt af landbúnaði sem er háður úrkomu sem er af skornum skammti. Aðstæður þeirra sem búa í dreifbýli eru mun lélegri en þeirra sem búa í þéttbýli. Landeyðing og uppskerubrestur í landinu er að hluta til rakinn til loftslagsbreytinga, þurrkar eru tíðir og regntíminn ótryggur þar sem veðurfar er að breytast. Fleiri en tíu milljónir íbúa þurftu utanaðkomandi neyðaraðstoð vegna þurrka og uppskerubrests árið 2016.

Sú jákvæða þróun hefur átt sér stað undanfarinn áratug að um 10% hagvöxtur hefur verið í landinu og þeim sem búa við sára fátækt hefur fækkað hlutfallslega. Um 55% þjóðarinnar höfðu minna en 1,9 USD úr að spila dag hvern árið 2000 samanborið við 33% árið 2011. Alþjóðabankinn segir stjórnvöld í landinu hafa náð góðum árangri í því að draga úr fátækt í samfélaginu en að enn sé þó langt í land til þess að markmið stjórnvalda náist um að Eþíópía komist í hóp lægri-meðaltekjuríkja á lífskjaraalista Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 2025.

Samkvæmt skilgreiningu Alþjóðabankans býr fólk við sára fátækt þegar það hefur minna en 1,9 Bandaríkjadali til að lifa á dag hvern. Árið 2013 bjuggu 767 milljónir jarðarbúa við sára fátækt. Meira en helmingur þeirra eða 389 milljónir bjuggu í Afríku sunnan Sahara. Flestir sárafatækra störfuðu við landbúnað í dreifbýli, meira en helmingur þeirra var yngri en 18 ára og höfðu ekki átt kost á skólagöngu.

Hjálparstarf kirkjunnar hefur því góða ástæðu til að starfa með sjálfsþurftarbændum í afskekktu Sómalífyki sem er eitt af fjórum fátækustu fylkjum í Eþíópíu. Með því að tryggja fólkinu aðgengi að drykkjarhæfu vatni, hjálpa því til sjálfbærni í landbúnaði og stuðla að auknu jafnrétti leggur Hjálparstarfið lóð sín á vogarskálarnar til að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og útrýmingu fátæktar náist fyrir árið 2030.




GEFÐU GEIT

GEFÐU GJÖF SEM GEFUR

Með gjafabréfi á gjofsemgefur.is geturðu styrkt bágstadda fjölskyldu um til dæmis geit, hænu, brunn, matjurtagarð, menntun eða aðrar nauðsynjar. Gefðu skemmtilegar gjafir til verkefna heima og erlendis.

www.gjofsemgefur.is
 Hjálparstarf kirkjunnar





Þar sem brunnar og vatnsþrær tryggja aðgengi að vatni þurfa konur og stúlkur nú aðeins að nota um 15 mínútur til að fara eftir vatni í stað þriggja klukkustunda áður.

Að útrýma fátækt er langtímaverkefni

Sómalí fylki í Eþíópíu þekur 144 þúsund ferkílómetra sem eru að mestu á flötu, heitu og þurru láglandi. Þar búa yfir 5,7 milljónir sjálfsþurftarbænda og hálfhirðingja. Búfjárrækt með kameldýr, kindur, geitur og nautgripi er undirstöðu- vinnugrein í fylkinu en þar sem skilyrði eru til er einnig ræktað maís, hirsí, hveiti og bygg.

Loftslagsbreytingar valda sífellt tíðari þurrkum í fylkinu með þeim afleiðingum að fólkið er fast í vítahring fátæktar. Dýrin fá ekki nægt vatn og því er ástand þeirra lélegt en dýralæknar eru fáir og þjónusta þeirra stopul. Fólkið getur ekki fjárfest í tækjum og tólum vegna fátæktar og því eru rækt-

unaraðferðir í jarðrækt takmarkaðar og uppskeran verður rýr. Vatnsskorturinn leiðir þannig til takmarkaðs fæðuöryggis og lífsskilyrði íbúanna eru slæm.

Undanfarin tíu ár hefur Hjálparstarf kirkjunnar starfað með sjálfsþurftarbændum í fylkinu og fært sig frá einu héraði þegar árangur hefur náðst þar til hins næsta þar sem aðstoðar er þörf. Í upphafi árs 2018 færum við okkur enn um set og hefjum hjálp til sjálfshjálpar á nýjum stað í fylkinu.

Stór þáttur í verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar í Sómalí fylki snýr að því að aðstoða bændur við að



Þar sem djúpt er á grunnvatn og því mjög kostnaðarsamt að grafa eftir brunni eru vatnsþrær sem heimamenn kalla birkur grafnar. Birkurnar eru múrsteinshlaðnar og múraðar tröppur ná niður á botn þeirra. Í birkurnar safnast rigningargvatn yfir regntímann. Vatnið í þeim dugur oft langt inn í þurrkatímann en blanda þarf vatnshreinsidufti í vatnið úr birkunum áður en fólk drekkur það.



Konurnar bera ábyrgð á að fæða og klæða börnin, þvo þeim og koma í skólann.



Konurnar nota eldivið við matreiðslu. Þegar hann brennur fyllir reykurinn loftið inni í hústjöldunum og því eru öndunarsjúkdómar algengir í fylkinu.



Konurnar sjá um að þrifa og þvotta.



Þegar regnvatn er komið í birkurnar við þorpin geta dýrahirðar brynnt dýrunum án þess að fara lengra en einn kílómetra í burtu heiman frá.

bæta aðferðir í landbúnaði til að auka uppskeruna og veita fræðslu um mikilvægi umhverfisverndar og gildi hennar fyrir sjálfbæra lifnaðarhætti.

Jafnrétti kynjanna er ábótavant í Sómalífylki en það má rekja til rötgróinnar menningar á svæðinu. Konurnar hafa ekki haft völd til að taka ákvarðanir um landnotkun, búfénað eða fjármál heimilisins. Þeim hefur ekki verið boðið sæti við ákvarðanatökuborðið um sveitarstjórnarmál og þær hafa ekki haft aðgang að fjármagni til að hefja eigin atvinnurekstur. Valdleysi kvenna í fylkinu hefur neikvæð áhrif á heilsu og lífsafkomu kvennanna, fjölskyldna þeirra og þar með samfélagsins alls.

Til þess að auka farsæld í samfélaginu hefur fleiri en 400 konum verið boðið að taka þátt í sparnaðar- og lánaþópum kvenna. Konurnar hafa fengið fræðslu um það hvernig koma má auga á arðbærar viðskiptahugmyndir, hvar og hvenær er best að stunda mismunandi viðskipti og upplýsingar um sparnaðarleiðir og lánaþóguleika. Konur sem hafa áhuga á að hefja atvinnurekstur fá tækifæri með því að vinna saman í þópum sem bera sameiginlega ábyrgð á verkefnum.

Konurnar hafa fengið fræðslu og lán en hver og ein fær sem svarar um 22.000 krónum til að hefja atvinnurekstur svo sem geitarækt, laukrækt og smáverslunarekstur. Konurnar greiða lánin til baka og nota síðan tekjur af rekstrinum til þess að greiða kostnað við skólagöngu barna sinna og til þess að kaupa dagvöru, fatnað og nytjahluti fyrir heimilið. Til þess að ýta undir breytingar er jafnframt fundað með skoðanaleiðtogum í fylkinu um leiðir til að afnema skaðlegar venjur eins og limlestingar á kynfærum kvenna og það að gefa stúlkur barnungar í hjónaband.



Bændur fá fræðslu og þjálfun í nútímaræktunaraðferðum, öflugri verkfæri og dráttardýr til að setja fyrir plóga. Með þessari aðstoð hafa bændurnir getað þrefaldað framleiðsluna á landskika sínum en áður plægðu þeir með haka eða biðu þess að geta leigt uxa af betur stöddum nágrönnum en þá var tími þeirra til að plægja oft af skornum skammti.



Dýraliðar sem fengið hafa þjálfun í verkefni Hjálparstarfsins bólusetja dýrin og gefa lyf vegna dýrasjúkdóma.



Dýraliðar og bændur sækja námskeið um dýrasjúkdóma og smitleiðir þeirra. Með fræðslu og rétttri meðferð við sjúkdómum hefur tekist að bæta ástand bústofnsins og þar með lífsskilyrði fólksins.



Þegar stúlkur þurfa ekki lengur að fara um langan veg eftir vatni dag hvern gefst þeim tími til að fara í skólann. Eftir því sem stúlkur eru lengur í skóla því seinna á lífsleiðinni eignast þær börn. Því seinna sem þær eignast börn því betra er heilsufar þeirra og barnanna. Bætt aðgengi að hreinu vatni er því þýðingarmikið fyrir stúlkurnar á þurrkasvæðum í Sómalífylki.



Konur sem hafa tekið þátt í fræðslu- og lánaþópum í verkefni Hjálparstarfsins hafa margar hverjar opnað smávöruverslanir. Þær ráða sjálfar yfir tekjunum af rekstrinum og hafa notað þær til þess að sjá börnum sínum farborða, sjá þeim fyrir námsgögnum og kaupa lyf þegar þarf. Valdefling kvenna stuðlar þannig að farsælu samfélagi.

Hátíðarmessa í Hallgrímskirkju

fyrsta sunnudag í aðventu, 3. desember kl. 11:00.



Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir
prédikar. Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir og
sr. Þorvaldur Víðisson þjóna fyrir altari
ásamt messuþjónum og fulltrúum
Hjálparstarfs kirkjunnar.

Mótettukór Hallgrímskirkju syngur undir
stjórn Harðar Áskelssonar. Organisti: Björn
Steinar Sólberg. Gjöfum til Hjálparstarfs
kirkjunnar veitt móttaka.

 Hjálparstarf
kirkjunnar



Lavine (fremst til vinstri) er tólf ára gömul stúlka frá Írak sem leitar hælís á Íslandi. Eldri konurnar í hópnum eru duglegar að leita til hennar um að þræða nálarnar í saumavélunum enda er hún leiftursnögg að því.

Taupokar fyrir tengsl og umhverfisvernd

Fyrsta daginn mættu þær þrjár en mánudaginn 27. nóvember síðastliðinn voru þær 39 konurnar sem hafa ennþá lítið tengslanet á Íslandi en vilja svo gjarnan hafa eitthvað fyrir stafni. Þær hafa búið til hátt í 200 fjölnota taupoka til nota undir ávexti og grænmeti. Þær eru að sinna umhverfisvernd á Íslandi. Húrra fyrir þeim!

Það eru Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn sem starfa saman að verkefninu sem hefur tvíþætt markmið: Að stuðla að aukinni virkni kvenna sem hafa leitað hælís á Íslandi en eru enn utan vinnumarkaðar annars vegar og hins vegar að stuðla að verndun umhverfisins með því að bjóða neytendum fjölnota taupoka sem konurnar sauma og munu fást í matvöruverslunum, hjá Hertex og í fataúthlutun Hjálparstarfsins í upphafi árs 2018.

Konurnar mæta og vinna í sjálfböðavinnu á mánudagsmorgnum í Hertex í Mjódd og sauma þar fjölnota poka undir ávexti, grænmeti og aðrar vörur. Eftir um tveggja tíma samveru við saumaskap borða allir saman og spjalla. Sjálfböðaliðarnir fá svo umbun fyrir störf sín en ekki er um vinnulaun að ræða.

Hjálparstarfið og Hjálpræðisherinn taka á móti hælisleitendum og flóttafólki sem leita aðstoðar hjá stofnunum. Ráðgjafar okkar hafa orðið varir við að konur sem bíða úrskurðar hælísúmsóknar og þær sem nýverið hafa fengið hæli hér á landi en eru enn utan vinnumarkaðar hafa þörf fyrir virkni af einhverju tagi.

Hjálparstarf kirkjunnar starfar í anda hugmyndafræði um valdeflingu og leitast við að styðja fólk við

að bæta félagslega stöðu sína og almenn lífsgæði. Einstaklingsmiðuð nálgun og notendastýrð þjónusta eru lykilverkfæri félagsráðgjafa Hjálparstarfsins sem leggja höfuðáherslu á að hlusta, ræða og reyna að skilja einstaklingana sem til þeirra leita og vinna með þeim á forsendum þeirra sjálfra.

Í öllu starfi er markmiðið að fólk hafi fundið styrk sinn og getu til að takast á við erfiðar aðstæður og til að komast út úr félagslegri einangrun sem oft er fylgiskur efnaleysis. Sérstök áhersla er lögð á starf í þágu barna og unglunga sem miðar að því að þau hafi sterka sjálfsmýnd og séu virkir þátttakendur í samfélaginu.

Saman gegn fátækt og félagslegri einangrun

Á Íslandi búa yfir 16 þúsund manns við fátækt og um 5 þúsund manns við sára fátækt. Nauðsyn baráttunnar gegn fátækt og félagslegri einangrun er því enn til staðar.

EAPN á Íslandi eru regnhlífarsamtök þeirra félaga sem berjast gegn fátækt og félagslegri einangrun á Íslandi. Samtökin eiga aðild að EAPN (European Anti Poverty Network) sem voru stofnuð árið 1990. Níu aðildarfélög standa að EAPN á Íslandi og eiga þau öll sammerkt að hafa sem hluta af sínum markmiðum að vinna að málefnum fátækra. Þau eru Félag einstæðra foreldra, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn, Kærleiksþjónusta kirkjunnar, Samhjálp, Sjálfsbjörg Ish, Hagsmunasamtök heimilanna, Öryrkjabandalag Íslands og Velferðarsjóður Suðurnesja.

Helstu markmið EAPN eru að berjast gegn fátækt og félagslegri einangrun og verja hagsmuni þeirra sem búa við fátækt. Aðstæður fólks geta verið mismunandi og ólíkar ástæður fyrir erfiðleikum fólks. Afstaða EAPN er einföld: Fátækt og félagsleg einangrun er brot á grundvallarmannréttindum því fátækt gerir fólk ekki kleift að lifa með reisn. Lykilþáttur í starfsemi EAPN á Íslandi er virk þátttaka Pepp á Íslandi (PeP: People experiencing Poverty) sem samanstendur af öflugum hópi einstaklinga sem hafa sjálfir upplifað fátækt og félagslega einangrun.

Í vetur hefur EAPN á Íslandi ásamt Peppurinum staðið fyrir málstofunni Fátækt er ekki aumingjaskapur í Róttæka sumarháskólanum og á Fundi fólksins. Tveir morgunverðarfundir voru haldnir í haust, annar um



málefni skuldara og hinn um fátækt meðal vinnandi fólks þar sem kom fram að um 7% vinnandi fólks á Íslandi búa við fátækt. Í ár veittu samtökin í fyrsta sinn Fjölmíðlaverðlaun götunnar til að vekja athygli á umfjöllun um fátækt þar sem lagt var upp með skilningi og virðingu fyrir viðkvæmu málefni.

Stórt skref í baráttunni yrði ef Alþingi samþykkti framkvæmdaáætlun gegn fátækt með sérstaka áherslu á húsnæðisvanda þeirra sem búa við fátækt. Að því mun EAPN á Íslandi vinna uns enginn á Íslandi þarf að búa við það brot á mannréttindum sem fátækt og félagsleg einangrun er.

Fyrir hönd Peppara,

Ásta Dís Guðjónsdóttir og Laufey Ólafsdóttir, samhæfingarstjórar Pepp á Íslandi



Pepparar veittu Fjölmíðlaverðlaun götunnar fyrir faglega og málefnalega umfjöllun um fátækt í fjölmiðlun í fyrsta skiptið í febrúar 2017. Stefnt er að því að afhenda verðlaunin árlega.



Jólaaðstoð 2017

Í desember ár hvert aðstoðar Hjálparstarf kirkjunnar, ásamt samstarfsaðilum, efnalítið fólk svo það geti gert sér dagamun yfir hátíðirnar. Aðstoðin tekur mið af aðstæðum hvers og eins og er fyrst og fremst í formi inneignarkorta í matvöruverslunum sem verða gefin út eigi síðar en 19. desember. Barnafjölskyldum sem búa við kröpp kjör býðst auk þess að fá jólafatnað og jóla- og skógjafir fyrir börnin.

Tekið er á móti umsóknum frá barnafjölskyldum í Reykjavík á skrifstofu Hjálparstarfsins, Háaleitisbraut 66, neðri hæð, dagana 4., 5. og 6. desember kl. 11-14. Athugið að gögn sem sýna tekjur og útgjöld síðasta mánaðar skulu fylgja með umsókn.

Þær fjölskyldur sem hafa fengið inneignarkort í matvöruverslanir frá Hjálparstarfinu á árinu 2017 geta fyllt út umsóknareyðublað á www.help.is.

Þar sem Hjálparstarfið aðstoðar aðeins barnafjölskyldur í Reykjavík er fullorðnum einstaklingum sem ekki hafa börn á framfæri bent á að hægt er að leita til annarra hjálparsamtaka um aðstoð.

Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar aðstoðar fjölskyldur jafnt sem einstaklinga með lögheimili í sveitarfélaginu. Umsóknarfrestur er liðinn.

Í **Kópavogi** tekur Mæðrastyrksnefnd Kópavogs á móti umsóknum frá fjölskyldum og einstaklingum í fjárhagslegum vanda þann 5. desember milli klukkan 15:00 og 18:00.

Á Suðurnesjum verður tekið á móti umsóknum til Velferðarsjóðs Suðurnesja og Hjálparstarfs kirkjunnar í Keflavíkurkirkju 5., 7. og 12. desember klukkan 9:00-12:00.

Á Eyjafjarðarsvæðinu hafa Hjálparstarf kirkjunnar, Mæðrastyrksnefnd, Rauði krossinn og Hjálpræðisherinn á Akureyri með sér samstarf um aðstoð.

Í **Árnessýslu** hefur Hjálparstarfið samstarf um jólaaðstoð við Rauða krossinn og kvenfélögin. Tekið er á móti umsóknum þann 4. desember milli klukkan 16:00 og 18:00 í Selinu við Engjaveg á Selfossi og hjá sóknarprestum.

Annars staðar á landinu taka prestar í heimasókn við umsóknum um aðstoð frá einstaklingum jafnt sem fjölskyldufólki til og með 8. desember.

Hjálparstarf kirkjunnar, www.help.is, Háaleitsbraut 66, 103 Reykjavík, sími 528 4400

Christmas Assistance 2017

Icelandic Church Aid provides assistance to low income families before Christmas so that they may experience joyful times during the holidays. Debit cards for use in grocery stores are issued at the latest on December 19. Parents in need are also invited to apply for clothing and presents for their children.

Families with children, living in Reykjavík, may apply for assistance before Christmas at the office of the Icelandic Church Aid at Háaleitisbraut 66, lower floor. Application days are: December 4, 5, and 6 between 11 AM and 2 PM. Please remember to bring documents as proof of income and expenses (mortgage payments, rent, nursery school, heat, electricity, etc).

Families already in possession of grocery stores debit cards from ICA may apply online at www.help.is.

Outside Reykjavík (see neighbouring communities below) families and individuals alike may approach the pastor of the local parish or town. Application deadline is December 8.

We refer individuals in Hafnarfjörður to Mæðrastyrksnefnd in Hafnarfjörður. The application deadline has passed.

In Reykjanesbær individuals and families alike may apply at the Keflavíkurkirkja church on December 5, 7 and 12 between 9 and 12 AM.

In Kópavogur families and individuals may apply at Mæðrastyrksnefnd in Kópavogur on December 5, between 3 and 6 PM.

In Akureyri and surrounding area the application deadline has passed.

In Selfoss, families and individuals may apply on December 4, between 4 and 6 PM at Selið, Engjavegur, Selfoss and or approach the pastor of the local parish before December 8.

Icelandic Church Aid, www.help.is, Háaleitsbraut 66, 103 Reykjavík, tel. 528 4400



Hjálparstarf
kirkjunnar

actalliance



Guðrún Mýra, Guðjón Andri, Sjafnar og Þorbjörg Erna Breytendur með hetjubeltið góða.

Að breyta því sem við getum breytt!

Í augum okkar Breytanda (nf.et. Breytönd) er loftslagsráðstefna Sameiðu Þjóðanna sem haldin var í Bonn nú í nóvember meðal allra mikilvægustu ráðstefna sem haldnar eru um þessar mundir því það skiptir okkur miklu máli að við sem þjóð leggjum okkar að mörkum við að draga úr því sem skaðar náttúru okkar.

Í okkar huga eru þeir sem breyta heiminum til hins betra hetjur og þar sem hetjur þurfa oft að reiða sig á tæki og tól við hetjúdádír þjuggum við til eitt slíkt fyrir fulltrúa Íslands á ráðstefnunni. Tólið er belti með ýmsum táknrænum verkfærum til þess að minna á tilgang ráðstefnunnar. Við afhentum Huga Ólafssyni fulltrúa umhverfisráðuneytisins á ráðstefnunni beltið og ræddum við hann um framlag Íslands á ráðstefnunni.

Ráðuneytið birti nýlega áætlun til næstu ellefu ára sem ber nafnið „Hreint loft til framtíðar“ og er hún áhugaverð lesning fyrir þá sem hafa hjarta fyrir umhverfismálum. Það er ansi gott að geta látið aðra axla ábyrgð á því að vera hetjur í okkar nafni en það er enn betra að geta verið hetjur í okkar egin lífi og breyta því sem við getum breytt til þess að gera heiminn að betri stað. Það er jólaáskorun okkar í ár.

Breytendur -Changemaker á Íslandi, er hreyfing ungs fólks sem hefur það að markmiði að gera heiminn að sanngjarnari og réttlátari stað með jákvæðum aðgerðum. Heimasíða Breytanda (et. Breytönd) er www.changemaker.is.

Von um betri framtíð vegna aðstoðar

Talið er að El Nino hafi átt stóran þátt í því að árið 2015 urðu verstu þurrkar í Eþíópíu síðan hungursneyð ríkti þar á níunda áratug tuttugustu aldar. Afleiðingarnar voru þær að í upphafi árs 2016 voru 10.2 milljónir Eþíópía á barmi hungursneyðar og í brýnni þörf fyrir aðstoð.

Alþjóðlegt Hjálparstarf kirkna, ACT Alliance varði 100 milljónum króna til neyðaraðstoðar sem voru í gangi fram til ársins í ár. Hjálparstarf kirkjunnar á Íslandi og utanríkisráðuneytið tóku þátt í verkefninu með því að senda fjárframlag að upphæð 11,5 milljónum króna.

Um 44.000 manns í norðurhluta Eþíópíu nut góðs af aðstoðinni en aðferðin í starfinu að veita hjálp til sjálfshjálpar. Fólkið fékk launaða vinnu við að gera við vegi, vinna að viðhaldi á vatnsþróum, ryðja land til ræktunar og koma í veg fyrir jarðrof með því að gera steinhleðslur og stíflur sem beina vatni réttar leiðir þegar rigningin kemur.

Tæpum fjórum tonnum af fræum var úthlutað og fólkið notaði þau til að sá þegar rigningin loksins kom. Sums staðar varð uppskeran þó léleg þar sem úrkoma var áfram stopul. Þótt ástandið sé víða slæmt ennþá hefði það orðið enn verra ef þessarar neyðaraðstoðar hefði ekki notið við.

„Öll kaffiuppskeran mín brást. Ef ég hefði ekki fengið þennan stuðning hefði ég orðið að selja uxann minn lágu verði og þannig hefði grundvöllinum verið kippt undan allri ræktun hjá mér. Núna hef ég von um betri framtíð,“ sagði Ayalew Yirsaw bóndi í Lastahéraði um aðstoðina.

Umhverfisstefna þjóðkirkjunnar mörkuð

Vísindin hafa fært sönnur á að mannkynið stendur frammi fyrir loftslagsvá sem ógnar lífríki og vistkerfum jarðar og teflir hlutskipti komandi kynslóða í tvísýnu. Fátækt fólk á jaðarsvæðum, frumbyggjar á pólsvæðum og íbúar strandbyggða og lálendra eyja glíma þegar við afleiðingar loftslagsbreytinga. Takist ekki á næstu áratugum að koma fram þeirri umbreytingu sem Parísarsamkomulag þjóðríkja kallaði á árið 2015 blasa við hamfarir um heim allan. Þessi vandi er siðferðilegt málefni sem varðar alla.

Jörðin er ekki til sölu. Í því felst áskorun um að boða frið við jörðina, hófsaman lífsstíl og réttláta skiptingu jarðargæða. Þar er einnig um að ræða hvatningu til trúmennsku við þá spámannlegu köllun kirkjunnar að benda á óréttlæti, ójöfnuð, félagslega neyð og náttúruspjöll af manna völdum.

Manneskjan er hluti af náttúrunni en ekki yfir hana hafin. Hún ber jafnframt sérstaka ábyrgð vegna stöðu sinnar í sköpunarverki Guðs samkvæmt gyðing-kristinni hefð. Þeirri ábyrgð fylgir sú siðferðilega skylda að hlú að öllu lífi. Hlutverk mannkyns er að yrkja jörðina, vernda hana og næra, og nýta gæði hennar af umhyggju og virðingu með sjálfbærni að leiðarljósi.

Á kirkjuþingi í nóvember 2017 var kirkjuráði og umhverfisnefnd kirkjunnar falið að fylgja umhverfisstefnunni eftir með aðgerða- og starfsáætlun til að að vekja starfsólk og söfnuðinn til umhugsunar um náttúruna og náttúruvernd, veita þeim úrræði til að sporna gegn frekari loftslagsbreytingum og til að leggja sitt að mörkum.



Þurrkar í Eþíópíu eru meðal annars raktir til loftslagsbreytinga.

Loftslagsbreytingar

„Þetta gengur allt of hægt. Við verðum að veita fórnarlömbum loftslagsbreytinga meiri aðstoð og við verðum að sporna gegn frekari hlýnun jarðar núna.“

Rudemar Bueno de Faria, framkvæmdastjóri Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna, ACT Alliance, lýsti yfir vonbrigðum með árlegt aðildarríkjaping um loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna sem lauk í Bonn í Þýskalandi þann 17. nóvember síðastliðinn.

„Þingið stóðst ekki þær væntingar sem við höfðum til þess. Aðildarríkin höfðu ekki í farteskinu haldþæra aðgerðaáætlun um að draga nægjanlega úr losun gróðurhúsalofttegunda og vernda berskjölduð samfélög gegn loftslagsbreytingum. Við verðum að bregðast við strax og aðstoða þá sem búa á svæðum þar sem loftslagsbreytingar valda miklum usla,“ sagði Bueno de Faria að þingi loknu.

Flest ríki heims hafa sent inn markmið um hvernig þau hyggjast takmarka losun skaðlegra lofttegunda fram til ársins 2030 en eftir stendur að fylgja þeim eftir með aðgerðaáætlunum. Hætt er við að fólk verði að flýja heimkynni sín vegna loftslagsbreytinga ef ekki verður brugðist við með viðunandi hætti. Loftslagsbreytingarnar auka enn frekar líkur á þurrkum og hungursneyð í Afríku sunnan Sahara. Alþjóðlegt hjálparstarf kirkna skorar á ríkisstjórnir í betur stæðum ríkjum að bregðast ekki og gera meira til að draga úr skaðlegri loftmengun sem bitnar helst á þeim sem minnstar bjargirnar hafa.

Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að Alþjóðahjálparstarfi kirkna, ACT Alliance, sem ásamt því að vinna að þróunarsamvinnu veitir neyðaraðstoð í kjölfar náttúruhamfara og vegna vopnaðra átaka. Aðstoðin er veitt án skilyrða og aðgreiningar og fer fram eftir alþjóðlegum stöðlum um neyðaraðstoð og ströngum siðareglum.



Ungur aðgerðarsinni ACT Alliance hvetur ríki heims til að spila ekki með framtíð jarðar.



Í verkmenntamiðstöðvunum velja ungmennin sér svið og öðlast hæfni til að verða gjaldgeng á vinnumarkaði svo sem við hárgreiðslu, matreiðslu, saumaskap og rafvirkjun.

Ungmennin sem fá séns í Kampalaverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar

Í janúar 2017 hóf Hjálparstarfið stuðning við börn og ungmenni í Kampala, höfuðborg Úganda en samkvæmt Alþjóðabankanum er atvinnuleysi meðal ungs fólks hvergi meira í heiminum en einmitt þar eða um 60%. Verst er ástandið í höfuðborginni Kampala en þangað flykkist ungt og oftast ómenntað fólk úr sveitum landsins í von um betra líf. Margra þeirra biður hins vegar að kúldrast í fátækrahverfum þar sem neyðin rekur þau til að taka þátt í glæpagengjum eða selja líkama sinn til að geta séð sér farborða. Börn og unglingar í höfuðborginni eru því útsett fyrir misnotkun af ýmsu tagi og eymdin leiðir til þess að þau verða auðveldlega fíkniefnum að bráð.

Kampalaverkefni Hjálparstarfsins er í þremur fátækrahverfum borgarinnar og varir í 3 ár. Áætlaður heildarkostnaður er um 33 milljónir króna. Markhópurinn er 1500 börn og ungmenni á aldrinum 13-24 ára en markmiðið er að unga fólkið öðlist verkunnáttu sem það getur nýtt til að sjá sér farborða, að það taki þátt í uppbyggilegum tómstundum og námskeiðum sem styrkja sjálfmyndina og að þau séu upplýst um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Lútherska heimssambandið og samtökin UYDEL (Ugandan Youth Development Link) með góðum stuðningi uttanríkisráðuneytisins. UYDEL hefur rúmlega tuttugu ára reynslu af því að vinna með ungu fólki í fátækrahverfum Kampala. Í verkmenntamiðstöðvum UYDEL geta ungmennin valið sér ýmis svið og öðlast nægilega hæfni til að verða gjaldgeng á vinnumarkaði svo sem við hárgreiðslu, matreiðslu, rafvirkjun, saumaskap og sápugetu.

Í verkmenntamiðstöðvunum er kennt fyrir hádegi en eftir hádegi er skipulagt frístundastarf í boði. Eitt af því sem unglingarnir geta lagt stund á er dans og trumbusláttur en í Kampala er vinsælt að ráða danshópa til að sýna hefðbundinn dans í veislum við ýmis tækifæri. Dansinn og tónlistina geta unglingarnir þannig nýtt sér til framfærslu.



Óskum vinum
og velunnurum
nær og fjær
gleðilegra jóla
og farsæls
komandi árs

 TÖLVUAÐSTOÐ

Sími: 5 500 200 · www.tolvvadstod.is



Dúfa Sýlvía Einarsdóttir (þriðja frá vinstri) í frábærum hópi sjálfboðaliða Hjálparstarfs kirkjunnar. Hópurinn mætir vikulega til þess að taka á móti fatnaði og ganga frá þannig að hann sé aðgengilegur þeim sem eftir honum leita hjá Hjálparstarfinu.

Hjálparstarf kirkjunnar er hjálparstarfið mitt!

Allar kirkjusóknir þjóðkirkjunnar á Íslandi mynda og styðja Hjálparstarf kirkjunnar. Sóknirnar leggja fé af mörkum til Hjálparstarfsins auk þess sem þær hlúa að fólkinu í borg og sveitum. Það er unnið mikið starf í kirkjum landsins og njóta margir góðs af því góða starfi. Hjá Hjálparstarfi kirkjunnar vinnur duglegt og kærleiksríkt fólk við að hjálpa nauðstöddum bæði innanlands og utanlands og þar af leiðandi er í mörg horn að líta.

Verkefni sem koma á borð Hjálparstarfs kirkjunnar eru mörg og fjölbreytileg. Fólk sem sækir hjálp til Hjálparstarfsins fær margs konar aðstoð. Þar er tekið á móti fólki af hlýju og virðingu. Flestir koma vegna fátæktar og félagslegrar einangrunar. Áhersla er lögð á að hlúa að barnafjölskyldum auk þess sem mikil áhersla er lögð á að hjálpa fólki til sjálfshjálp. Stuðningur er ætíð veittur án tillits til trúar, þjóðernis, kyns eða lífsskoðana. Það er skylda stjórnvalda að tryggja framfærslu fólks í félagslegum vanda en oft nægir það ekki og þá sannast nauðsyn öflugs hjálparstarfs.

Nú líður að jólaföstu og jólum. Þá er áhersla lögð á að hjálpa fólki til þess að geta gert sér dagamun um jólin og glaðst saman. Fjölmargir einstaklingar koma með notaðan fatnað til Hjálparstarfsins. Þeir gera það kleift að úthluta fatnaði til þeirra sem á því þurfa að halda. Þeir eiga þakkið skilið fyrir sitt framlag. Í desember er jólafötum útdeilt og börn fá gjafir í

skóinn. Reynt er að hjálpa fólki eftir þörfum hvers og eins.

Ég er svo heppin að vera í hópi góðra kvenna sem sjá um að flokka fót og úthluta þeim hjá Hjálparstarfinu. Það er gefandi að koma á skrifstofu Hjálparstarfsins og lagerinn. Starfsfólkið tekur alltaf vel á móti okkur og segir okkur í kaffinu frá því sem er efst á baugi í starfinu hverju sinni. Þau veita okkur næringu fyrir sál og líkama. Á þriðjudögum allan ársins hring kemur fólk til þess að fá fót og skó og annan smávarning svo sem búsáhöld og fleira sem fólk gefur í starfið. Allt kemur að notum sem er heilt og hreint.

Eins og flestir vita vinnur Hjálparstarfið mikið og gott starf erlendis ásamt öðrum kirkjudeildum í heiminum. Í mannúðaraðstoð og þróunarsamvinnu liggur styrkur Hjálparstarfsins í samvinnu við hjálparstofnanir sem þekkja staðhætti á verkefnasvæðunum.

Mín von er sú og vissa að allir geti stutt við Hjálparstarf kirkjunnar. Ótal margir leggja Hjálparstarfinu lið og má þar nefna fjölda einstaklinga, fyrirtækja og stofnana og eiga allir þessir aðilar þakkið skilið fyrir stuðninginn. Fólk sem ekki er skráð í þjóðkirkjuna getur líka lagt lið og það er gott að geta gefið af sér. Ég óska öllum landsmönnum góðrar aðventu.

Dúfa Sýlvía Einarsdóttir sjálfboðaliði



Gjafmildir jólasveinar

Jólasveinabjónusta Skyrgáms hefur frá upphafi gefið 20% af öllum jólasveinaheimsóknum til verkefna Hjálparstarfs kirkjunnar. Samtals hafa rúmar níu milljónir króna runnið til verkefna Hjálparstarfsins t.d. til þess að útvega hreint vatn með brunnaverð í Afríku, styðja skólagöngu barna á Indlandi og veita örlán og fræðslu til kvenna í fátækustu héruðum Eþíópíu. Hérlendis hefur Skyrgámur meðal annars stutt verkefni í þágu barna og unglunga með því að leggja til fé í sjóð fyrir framhaldsskólamenntun, sumarbúðadvöl og inneignarkort fyrir matvöru svo fátt eitt sé nefnt. Hjálparstarfið þakkar Skyrgámi og félögum kærlega fyrir stuðninginn!

Kærar þakkið til fermingarbarna sem söfnuðu fyrir vatni í nóvember!

Fermingarbörn í 62 sóknum um land allt tóku þátt í fjáröflun fyrir vatnsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku nú í nóvember. Verkefnið gekk mjög vel en endanleg upphæð söfnunarfjár liggur fyrir í janúar.

Meðal þess sem fermingarbörn fá að kynast í fermingarfræðslu þjóðkirkjunnar er þróunarsamvinna og hjálparstarf á vegum kirkjunnar. Þau sjá myndir og fá upplýsingar um líf fólksins á verkefnasvæðum Hjálparstarfsins í Afríku og ræða sammannlega ábyrgð á því að allir jarðarbúar fái lífað mannsæmandi lífi, um gildi samhjálpar og náungakærleiks.

Í kjölfar fræðslunnar ganga fermingarbörnin í hús og safna framlögum til verkefna sem kynnt hafa verið. Mörg barnanna hafa reynslu af því að ganga í hús og safna fyrir íþrótt- og félagsstarfi en fyrir söfnunina fá þau leiðbeiningar um framkomu, öryggi og að gleyma ekki að vera vel klædd. Þau fara alltaf tvö eða þrjú saman.

Með verkefninu skapast mótvægi við síbylju neikvæðra fréttu og tækifæri til að skynja að öll getum við lagt eitthvað af mörkum en á unglingsárum þegar skilningur vex og ungt fólk er að móta sér lífsstíl er mikilvægt að fá að setja sig í samhengi við aðra í heiminum og skynja kraft sinn til þess að breyta rétt og hafa áhrif.

Prestar, annað starfsfólk kirkna, foreldrar og síðast en ekki síst börnin sjálf leggja á sig mikla vinnu við söfnunina og er framlag þeirra ómetanlegt. Bestu þakkið til allra sem tóku þátt í verkefninu!



Ahmed Nur og Million Shiferaw starfa fyrir Lútherska heimssambandið í Eþíópíu. Þau komu til Íslands í fyrra til að kynna vatnsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir börnum í fermingarfræðslu. Þau eru miklir Íslandsvinir eftir heim-sóknina og biðja fyrir bestu kveðjur til landsmanna með kærum þökkum fyrir stuðninginn við starfið.

Kveikjum á ljósi friðar



Fríðarljós Hjálparstarfs kirkjunnar eru unnin í Heimaey - kertaverksmiðju sem er vinnustaður fyrir fólk með skerta starfsgetu vegna fötlunar eða örorku. Þau fást allan ársins hring á www.help.is

Hjálparstarf kirkjunnar
actalliance

DREGIÐ
23. DES.



MILLJÓLA LEIKURINN

10 RAÐIR EÐA ÁSKRIFT GEFA ÞÉR MÖGULEIKA Á AUKAMILLJÓNUM



vikinglotto

EURO
JACKPOT



ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is



23 heppnir spilarar í Lottó, Vikinglotto eða Eurojackpot vinna eina milljón hver á Þorláksmessu. Þú ferð í pottinn í hvert skipti sem þú kaupir 10 raðir eða meira til kl. 18.40 laugardaginn 23. desember. Allir áskrifendur eru sjálfkrafa með í pottinum. Nánar á lotto.is